

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
B.t. Stefáns Árna Auðólfssonar nefndarritara

Reykjavík, hinn 25. febrúar 2005

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 2/1997 um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga (479. mál)


Vísað er til bréfs yðar, dags. 9. febrúar sl., varðandi umsögn um 479. mál, frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 2/1997 um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga (LH) með síðari breytingum. Eftirfarandi er umsögn Bandalags háskólamanna (BHM) um þingmálið sem kynnt hefur verið utan funda í lífeyrisnefnd BHM.

Fyrri breytingin, sem gerð er tillaga um í frumvarpinu, lýtur að ákvörðun viðmiðunarlauna til samræmis við kjaraákvörðanir opinberra starfsmanna. Eins og fram kemur í frumvarpstextanum sjálfum (1. og 3. gr. frv.) verða viðmið sótt ýmist í kjarasamninga, sem gerðir eru samkvæmt lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, eða ákvörðanir samkvæmt lögum nr. 120/1992 um Kjaradóm og kjaranefnd ef það á við; skiptir því ekki máli þótt ekki sé vikið að hinu síðarnefnda í almennum athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu. Þessi tillaga er í samræmi við þá almennu afstöðu samtaka launafólks í almannajónustu að kjör þess skuli ákveðin með *félagslegum* („kollektivum”) hætti – og að jafnaði með *kjarasamningum* stéttarféлага, sbr. 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar – en að öðrum kosti með ákvörðunum til þess bærri og hlutlausra aðila að höfðu samráði við kjarafélög hlutaðeigandi starfsmanna. Af þessu tilefni vill BHM minna á þá stefnu sína að samtökin sækjast eftir aðild að Kjaradómi og/eða kjaranefnd í því skyni að auka réttmæti ákvörðana þeirra stofnana og stuðla að samræmi milli launaþróunar þar og í kjarasamningum. Þá vill BHM áréttta að samtökin telja að annars konar ákvörðun launa starfsmanna í almannajónustu eigi að heyra sögunni til, svo sem einhliða ákvörðanir vinnuveitenda eða sérsamningar við stjórnir stofnana.

Síðari breytingin er lögð til í kjölfar dóms um túlkun gildandi laga um LH og varðar aðildarskilyrði að sjóðnum. BHM telur ekki efni standa til þess að ríkissjóður beri framvegis bakábyrgð á lífeyrisskuldbindingum sem stofnað er til í starfi fyrir einkaaðila sem reknir eru í arðsemiskyni enda þótt um almannajónustu sé að ræða. Þar sem fullt samráð hefur nú verið haft við Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga við endurskoðun frumvarps þessa og hófs er gætt við takmörkun aðildar þeirra sem starfa hjá arðsemisfyrirtækjum gerir BHM ekki athugasemd við þessa breytingu.

BHM mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Virðingarfyllst,
f.h. BHM,



Gísli Tryggvason,
framkvæmdarstjóri BHM.